



**Tónlistarsjóður Rótarý hreyfingarinnar á Íslandi starfaði af krafti á síðasta starfsári.
Árlegir tónleikar sjóðsins voru haldnir í Langholtskirkju,
en verðlaunahafinn, Lára Bryndís Eggertsdóttir er orgelleikari.**

Verðlaunin voru auglýst í byrjun október 2013. Umsóknir bárust frá 21 tónlistarmönnum, blásarar, fiðluleikarar, söngvarar, tónsmiðir, píanóleikarar og orgelleikari.

Að venju var stjórninni vandi á höndum að velja úr þessum hópi. En, að lokinni yfirferð var ákveðið að verðlaunahafi 2014 yrði Lára Bryndís Eggertsdóttir orgelleikari. Lára Bryndís á góðan námsárangur í tónlist að baki. Frá 2008 hefur Lára Bryndís stundað nám í Danmörku og lauk meistaraprófi í orgel- og semballeik vorið 2014, og hyggur á nám í einleikaradeild við Tónlistarháskólann í Árósum, auk þess að sækja námskeið bæði í Evrópu og Bandaríkjunum

Árlegir tónleikar sjóðsins voru haldnir 3. janúar 2014 í Langholtskirkju. Alina Dubik, mezzosópran og Jónas Ingimundarson píanóleikari fluttu lög eftir P.I Tsjakovskíj, Glinka, Chopin, Dvorak, Gluck, Saint-Saëns og Verdi.

Lára Bryndís spilaði á orgel kirkjunnar verk eftir Karg-Elert og Bach.

Sveinn Einarsson var kynnir og flutti ljóðapýðingar Reynis Axelssonar.

Var afar góður rómur gerður að öllum flutningi tónlistarmannanna á tónleikumunum, og var flytjendum fagnað vel að þeim loknum.

Nú hafa 14 efnilegir tónlistarmenn fengið verðlaun úr sjóðnum, en verðlaunin eru mikilvæg þeim sem hyggjast gera tónlist að framtíðarstarfi sínu.

Stjórn sjóðsins sl. ári skipuðu Erlendur Hjaltason Rkl. Reykjavík Austurbær, formaður, Elías Ólafsson Rkl. Reykjavík Breiðholt, Svava Bernharðsdóttir, Rkl. Borgum, Jón Stefánsson Rkl. Reykjavík Austurbær og Hörður Högnason Rkl. Ísafjarðar.

Sérstakur ráðgjafi og skipuleggjandi tónleikanna var að vanda Jónas Ingimundarson, en einnig starfaði með nefndinni Sigrún Hjálmtýsdóttir, en þau eru bæði í Rkl. Reykjavíkur.

Framkvæmdastjóri tónleikanna var Helgi Sigurðsson, Rkl. Selfoss.

Undirbúningur næsta starfsárs er þegar hafinn, og auglýst hefur verið eftir verðlaunahöfum, og er auglýsingin aðgengileg á heimasíðu Rótarý á Íslandi.

Erlendur Hjaltason, formaður